



Danskernes Historie Online

Danske Slægtsforskeres Bibliotek

Dette værk er downloadet fra Danskernes Historie Online

Danskernes Historie Online er Danmarks største digitaliseringsprojekt af litteratur inden for emner som personalhistorie, lokalhistorie og slægtsforskning. Biblioteket hører under den almennyttige forening Danske Slægtsforskere. Vi bevarer vores fælles kulturarv, digitaliserer den og stiller den til rådighed for alle interesserede.

Støt Danskernes Historie Online - Bliv sponsor

Som sponsor i biblioteket opnår du en række fordele. Læs mere om fordele og sponsorat her: <https://slaegtsbibliotek.dk/sponsorat>

Ophavsret

Biblioteket indeholder værker både med og uden ophavsret. For værker, som er omfattet af ophavsret, må PDF-filen kun benyttes til personligt brug.

Links

Slægtsforskeres Bibliotek: <https://slaegtsbibliotek.dk>

Danske Slægtsforskere: <https://slaegt.dk>

SKÝRSLA

UM

MÖÐRUVALLASKÓLANN

FYRIR

SKÓLA-ÁRIÐ 1891—1892.



REYKJAVÍK.

PRENTUÐ Í FJELAGSPRENTSMÍÐJUNNI.

1892.

Á skólaári þessu voru 37 lærisveinar í skólanum, og var þeim eftir miðsvetrarprófið í Janúarmánuði raðað þannig:

EFRI BEKKUR.

1. Þorvaldur Davíðsson.
2. Ingólfur Bjarnarson.
3. Davíð Sigurðsson.
4. Vilhjálmur Ingvarsson.
5. Guðmundur Magnússon.
6. Jóhann Sigurðsson.
7. Karl Olgeirsson.
8. Árni Jónsson.
9. Jóhann Pálsson.
10. Þorsteinn Jörundsson.
11. Björn Árnason.
12. Sigurður M. Einarsson.
13. Baldvin Jónsson.¹
14. Ólafur Björnsson.
15. Sigurpáll Sigurðsson.

NEÐRI BEKKUR.

1. Páll Bergsson (f. $11\frac{1}{2}$ 1871 að Atlastöðum í Svarf-aðardal), sonur Bergs bónda Bergssonar á Hærings-

1) Þessi piltur varð að fara úr skóla á undan prófi sökum veikinda.

- stöðum í Svarfaðardal. (Nýsveinn).
2. Kristján Guðnason (f. $\frac{2}{11}$ 1871 í Álftagerði við Mývatn), sonur Guðna bónda Ásmundssonar á Grænavatni við Mývatn. (Nýsveinn).
 3. Árni Árnason (f. $\frac{9}{1}$ 1875 í Höfnum), sonur Árna heitins Sigurðssonar bónda í Höfnum á Skaga í Húnavatnssýslu. (Nýsveinn).
 4. Páll H. Gíslason (f. $\frac{22}{12}$ 1872 á Völlum í Svarfaðardal), sonur Gísla heitins Pálssonar fyrrum bónda á Grund í Svarfaðardal. (Nýsveinn).
 5. Finnur Jónsson (f. $\frac{6}{8}$ 1868 á Melum), sonur Jóns bónda Jónssonar á Melum í Hrútafirði. (Nýsveinn).
 6. Hallgrímur Davíðsson (f. $\frac{14}{5}$ 1872 að Miklagarði í Eyafirði), sonur Davíðs bónda Ketilssonar á Núpufelli í Eyafirði. (Nýsveinn).
 7. Einar Árnason (f. $\frac{27}{11}$ 1875 að Hömrum í Eyafirði), sonur Árna bónda Guðmundssonar á Naustum í Eyafirði. (Nýsveinn).
 8. Sigurður Jónsson (f. $\frac{15}{3}$ 1870 að Skeggjastöðum), sonur Jóns bónda Ólafssonar á Skeggjastöðum í Fellum í Norður Múlasýslu. (Nýsveinn).
 9. Indriði Sveinsson (f. $\frac{18}{4}$ 1871 í Hólakoti), sonur Sveins heitins Gíslasonar bónda í Hólakoti á Reykjaströnd í Skagafjarðarsýslu. (Nýsveinn).
 10. Aðalsteinn Kristjánsson (f. $\frac{6}{1}$ 1872 í Sýrnesi í Reykjadal), sonur Kristjáns Jónssonar húsmanns í Álftagerði við Mývatn. (Nýsveinn).
 11. Jón Stefánsson (f. $\frac{1}{11}$ 1871 á Daðastöðum), sonur Stefáns Guttormssonar fyrrum bónda á Daðastöðum í Reykjadal í Þingeyarsýslu. (Nýsveinn).
 12. Jón Jónasson.
 13. Anton Sigurðsson.
 14. Þórhallur Daníelsson (f. $\frac{20}{8}$ 1873 að Hafursá í

- Múlasýslu), sonur Daniels bónda Sigurðssonar að Ásum í Húnavatnssýslu. (Nýsveinn).
15. Björn Jónsson (f. $\frac{7}{12}$ 1866 að Viðirhóli), sonur Jóns heitins Árnasonar bónda á Viðirhóli á Hólsfjöllum í Þingeyarsýslu. (Nýsveinn).
 16. Kristján Sigfússon (f. $\frac{22}{4}$ 1867 að syðri Varðgjá), sonur Sigfúsar heitins Guðmundssonar bónda á syðri Varðgjá í Eyafrði. (Nýsveinn).
 17. Guðmundur Friðjónsson (f. $\frac{24}{10}$ 1869 að Sílalæk í Aðalreykjadal), sonur Friðjóns bónda Jónssonar á Sandi í Aðalreykjadal í Þingeyarsýslu. (Nýsveinn).
 18. Jónas Sveinsson (f. $\frac{4}{12}$ 1873 í Litladal), sonur Sveins heitins Kristjánssonar bónda í Litladal í Húnavatnssýslu. (Nýsveinn).
 19. Lúðvík Sigurðsson (f. $\frac{10}{8}$ 1866 að Djúpavogi í Suður Múlasýslu), sonur Sigurðar bónda Egilssonar í Hellisfirði í Suður Múlasýslu. (Nýsveinn).
 20. Jóhann S. Jóhannesson (f. $\frac{7}{1}$ 1872 á Eskifirði), sonur Jóhannesar heitins Jakobssonar gestgjafa á Eskifirði. (Nýsveinn).
 21. Þórður Jakobsson.
 22. Jósef Jensson (f. $\frac{19}{9}$ 1872 á Spákonufelli), sonur Jens bónda Jósefssonar á Spákonufelli á Skagaströnd í Húnavatnssýslu. (Nýsveinn).

Kennslustundir.

| | | | | | | | | | |
|----------|-----|-------|---|-------|------|---|---------|---|----------------|
| Íslenska | var | kennd | í | Efri | bekk | 4 | stundir | í | vikunni |
| — | — | — | — | Neðri | bekk | 4 | — | — | = 8 st. |
| Danska | — | — | — | Efri | bekk | 5 | — | — | — |
| — | — | — | — | Neðri | bekk | 5 | — | — | = 10 — |
| | | | | | | | | | Flyt: = 18 st. |

Flutt: = 18 st.

| | | | | | |
|-----------------------|-----------------------|------------------|---|----------|---|
| Enska | var kennd í Efri bekk | 5 stundir í viku | | | |
| — — | — — - Neðri bekk | 5 | — | - — = 10 | — |
| Saga | — — - Efri bekk | 3 | — | - — | |
| — | — — - Neðri bekk | 3 | — | - — = 6 | — |
| Landafr. | — — - Efri bekk | 2 | — | - — | |
| — — | — — - Neðri bekk | 3 | — | - — = 5 | — |
| Náttúrufr. | — — - Efri bekk | 6 | — | - — | |
| — — | — — - Neðri bekk | 6 | — | - — = 12 | — |
| Stærðafr. | — — - Efri bekk | 5 | — | - — | |
| — — | — — - Neðri bekk | 4 | — | - — = 9 | — |
| Söngfræði | — — - Efri bekk | 2 | — | - — | |
| — — | — — - Neðri bekk | 2 | — | - — = 4 | — |
| Leikfimi ¹ | — — - Efri bekk | 1 | — | - — | |
| — — | — — - Neðri bekk | 1 | — | - — = 2 | — |

 Samtals 66 st.

Jón A. Hjaltalín kenndi:

Íslenzku . . . 8 st.

Ensku . . . 10 —

Sögu . . . 3 — = 21 stund.

Halldór Briem kenndi:

Stærðafræði . . . 9 —

Dönsku . . . 10 —

Sögu . . . 3 —

Söngfræði . . . 4 — = 26 stund.

Stefán Stefánsson kenndi:

Náttúrufr. . . 12 —

Landafræði . . . 5 —

Leikfimi . . . 2 — = 19 stund.

1) Þó skal þess getið, að leikfimi varð ekki kennd mikinn hluta vetrarins sökum frostgrimmða.

Yfirlit yfir það, sem lesið var.

Í Íslenzku var í Neðri bekk lesið fyrir um hinar almennu málfræðis hugmyndir og sérstaklega um íslenzka mállýsingu. Í Wimmers Oldnordisk Læsebog var lesið frá bls. 1—50. Í Efri bekk var lesið í Wimmers Oldnordisk Læsebog frá bls. 74—92 og bls. 108—135. Mállýsingin var lesin upp aptur. Lærisveinar lásu bókmenntasögu Íslands aptur að 1400 eptir fyrirlestrum. Ritgjörðir voru gjörðar einusinni í viku í báðum bekkjum.

Í Dönsku var í Neðri bekk lesin Kennslubók í Dönsku eptir Jóhannes Sigfússon og Jón Þórarinsson aptur að bls. 144; ennfremur var lauslega farið yfir Fjörutíu tíma í Dönsku eptir Þorstein Egilsson. Einn stýll var gjörður í viku. Í Efri bekk var lesin Dansk Læsebog af Larsen hér og hvar. Einn stýll var gjörður í viku.

Í Ensku var í Neðri bekk lesin Ensk Lestrabók eptir Jón A. Hjaltalín. Í Efri bekk var lesið í Nelson's Royal readers, nr. V. bls. 1—312 hingað og þangað. Skriflegar æfingar voru tvisvar og þrisvar í viku í báðum bekkjum, og í flestum kennslu tímum voru lærisveinar æfðir í að tala Ensku, og skilja þegar hún var töluð.

Í Sögu var í Neðri bekk lesið stutt yfirlit yfir löggjöf og stjórn Íslands, eins og hún er nú, eptir Jón A. Hjaltalín, og Ágrip af sögu Íslands eptir Þorkel Bjarnason. Í Efri bekk var lesið Ágrip af mannkynssögunni eptir Pál Melsted.

Í Landafræði var lesið í Neðri bekk: Lýsing Íslands eptir Þorvald Thoroddsen og E. Löfflers Lærebog í Geografien frá bls. 1—92 og bls. 176—185. Við

námið höfðu piltar Íslands uppdrátt hinn minni og Debes Schulatlas für die mittleren Unterrichts stufen. Í Efri bekk var lesið: E. Löfflers Lærebog i Geografien frá bls. 98 og út, og að því búnu var kennslunni hagað þannig, að lögð var fyrir pilti í hverjum tíma einhver landafræðisleg spurning til munnlegrar úrlausnar í næsta tíma. Við námið höfðu piltar ofannefndan atlas, og þar að auki Justus Perthes Taschen-atlas. Roms Geografiske Billeder höfðu piltar einnig í báðum bekkjum. Við kennsluna voru höfð sömu veggkort og í fyrra og þar að auki kort yfir Norður- og Suður-Ameríku. Korthöttur, jarðgönguvél og veggmyndir voru hinar sömu.

Í Náttúrufræði var lesið í Neðri bekk: Eðli og heilbrigði mannlegs líkama eptir J. Jónasen, V. A. Poulsen: Lærebog i Botanik, og auk þess yfirlit yfir gróðurriki Íslands eptir kennarann. Til skýringar voru sýndar fjölda margar veggmyndir og smærri myndir, flestar islenzkar blómplöntur og æðri blómleysingjar ofl. Í Efri bekk var lesið: Chr. Fr. Lütken, Lærebog i Zoologien nr. 2; var farið yfir alla bókina, en þó nokkru sleppt hér og hvar úr seinni hluta hennar. Jarðfræði Þorvaldar Thoroddson var lesin öll og nokkur frumatriði efnafræðinnar eptir kennarann; var það skýrt með tilraunum eptir því sem föng voru á, ennfremur voru útskýrð helztu grundvallaratriði eðlisfræðinnar. Öll þau dýr og steinar, sem til eru, voru iðulega sýnd; sömuleiðis margar dýrafræðislegar og jarðfræðislegar veggmyndir og fjöldi smærri mynda.

Í Stærðafræði var í Neðri bekk farið yfir fjórar höfuðgreinir í heilum tölum og brotum, Þríliðu (beina,

öfuga og samsetta). Reikningsbók Eiríks Briems var höfð við kennsluna; ennfremur var lesin Flata- málsfræði eptir Halldór Briem. Í Efri bekk var lesið upp brot og þriliða; síðan var lesinn prósentu- reikningur, félagsreikningur, rentureikningur og blöndunarreikningur eptir Reikningsbók E. Briems. Flatamálsfræði eptir Halldór Briem var lesin upp, og síðan voru lesin aðalatriði í þykkvamálsfræði og um kúbikrót eptir fyrirlestrum.

Í Söngfræði var lesið í Neðri bekk Stafrof söngfræð- innar eptir Björn Kristjánsson aptur að molltón- stigum og í Efri bekk sama bók öll. Söngiðkanir voru hafðar einusinni í viku.

Bókasafn skólans.

GEFNAR BÆKUR.

Frá Stefáni Stefánsyni kennara á Möðruvöllum:

Gestur Vestfirðingur I.—V. Rvík & Kh. 1847—55.

[Hjaltalin (Jón A.)]. Nokkur orð um hreinlæti. Kh. 1867.

Jameson (Robert). Manual of mineralogy. Edinb. 1821

Lansdell (Henry). Gjennem Siberien, oversat af O. Ir- minger. Kh. 1883.

Ólseñ (Dr. Björn Magnússon). Um stafsetning. Rvík. 1889.

Sander (L. C.). Bidrag til Paedagogiken og dens His- torie I, II. 1804—1806.

Sigurðsson (Jón) og Ingibjörg Einarsdóttir. [Erfiljóð]. Rvík 1880.

Frá *The Smithsonian Institution.*

Annual reports 1882—88. Washington 1884—90.

KEYPTAR BÆKUR.

- Aarbøger for nordisk Olkyndighed. 1889—90. Kh. 1890—91.
- Arkiv for nordisk Filologi VII. Lund. 1891.
- Bricka (C. F.) Dansk biografisk Lexicon 34—38. h. Kh. 1891.
- Granzow (F. C.) Geografisk Lexicon 20—22. h. Kh. 1891.
- Jamieson (John). An etymological dictionary of the Scottish language 4 bdi. Paisley 1879—82.
- Murray (J. A. H.). New English dictionary VI—VII. Oxford 1891.
- Nathorst (A. G.). Jordens Historia. 6 & 7. h. Stockholm.
- Nordisk Conversationslexikon. VI. bdi. Kh. 1890.
- Nordisk Tidskrift for Filologi. X, 3. Kh. 1890.
- Onckens Allgemeine Geschichte CLXXVII.—CLXXXVIII.
- Skeat (W.) An etymological dictionary of the English language 2d. edition. Oxford.
- Sweet (H.). An Icelandic primer. Oxford. 1886.
- — An Anglosaxon primer. Oxford 1887.
- Ulfilas oder die uns erhaltenen Denkmäler der gothischen Sprache. Paderborn 1878.
- Skólinn hefir fengið gott verkfæri, Scioptikon, til að sýna ýmsar myndir.

 Náttúrugripasafnið.

Safnið hefir aukizt talsvert þetta ár bæði að dýrum og plöntum. Hafa þeir Anton Sigurðsson frá Lóni og Jón Stefánsson frá Hrisey gefið því ýms dýr, og

Stefán kennari Stefánsson hefir gefið því allmikið af plöntum, og verður nákvæmar frá þeim sagt í næstu skýrslu.

Fjárstyrkur skólans.

Samkvæmt stofnunarskrá Prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins fá 2 námspiltar við Möðruvallaskólann styrk af sjóði þessum. Þetta ár var styrkurinn 27 kr. handa hvorum, og fengu hann

Páll Bergsson, og
Jón Stefánsson.

Ennfremur veitti Alþingi í fjárlögum fyrir 1891 og 1892 lærisveinum í þessum skóla 500 kr. Þeim var úthlutað þannig, að hver þessara lærisveina fékk 25 kr.

1. Þorvaldur Davíðsson
2. Ingólfur Bjarnarson
3. Jóhann Sigurðsson
4. Jóhann Pálsson
5. Sigurpáll Sigurðsson
6. Björn Árnason
7. Sigurður M. Einarsson
8. Páll Bergsson
9. Kristján Guðnason
10. Árni Árnason
11. Páll H. Gíslason
12. Hallgrímur Davíðsson
13. Indriði Sveinsson
14. Aðalsteinn Kristjánsson
15. Anton V. Sigurðsson
16. Þórhallur Danielsson
17. Björn Jónsson

18. Guðmundur Friðjónsson
 19. Jónas Sveinsson
 20. Jóhann Jóhannesson.
-

Burtfararpróf

var haldið hinn 7.—10. Maímánaðar og gengu 14 læri-
sveinar Efri bekkjar undir prófið. Davíð Guðmundsson
prófastur og síra Theódór Jónsson voru prófdómendur.

Prófið var skriflegt, og vóru þessar spurningar
lagðar fyrir lærisveinana til úrlausnar.

I. Í ÍSLENZKU.

1. Hvað er hljóðfræðislega athugandi við stafinn *r*?
2. Hvað er stigbreyting? hver orð fá hana, og hvern-
ig verður hún?
3. Hvað getur þágufall táknað fleira en þiggjanda?
4. Hvar á að skrifa *z* í sögnum?
5. Hvað eru þýðingar helgar?
6. Segið frá Ara fróða og ritum hans.
7. Greinið nákvæmlega þessa málsgrein: Sigvaldi jarl
var maðr vitr ok ráðugr; en er hann kom sér í
ráðagerð við Ólaf konung, þá dvaldi hann mjök
ferðina hans austan at sigla, ok fann til mjök
ýmsa hluti.
8. Skriðið stutta ritgjörð um það, hvað fornmennt skildu
við: „drengrur góður“.

II. Í DÖNSKU.

1. Snúið á Íslenzku: For et Folk som Islænderne,
der, foruden at være opfyldte af en inderlig Kjær-
lighed til Fortids Minderne, tillige vare i Besiddelse

af en levende Æresfølelse, maatte det især komme an paa i al Handlen at vise sig Forfædren værdig, og ligesaa megen Glæde en Islænder følte ved at fortælle de gamle Gudesagn og Heltedigte, ligesaa megen Pris satte han paa, at kunne fortælle noget om berømmelige Mænd af sin egen Slægt, ja selv stræbte han efter at udmærke sig saaledes, at der en Gang kunde fortælles noget berømmeligt ogsaa om ham.

2. Snúið á Dönsku: Einusinni voru kýr, hestur og kind að þrátta um það, hvert þeirra gjörði mannum mest gagn. „Eg gef mannum mjólk og úr mjólkinni býr hann til smjör og ost“, sagði kýrin. „Eg ber heyið heim af engjunum og vörurnar úr kaupstaðnum“, sagði hesturinn. „Eg geng nakin til þess, að húsbóndi minn geti haft fót til að klæðast í“, sagði kindin.
3. Skrifíð stutta ritgjörð um, hvaða fræðigrein hver ykkar álitur nytsamlegasta fyrir lífið.

III. Í ENSKU.

1. Skrifíð upp: The whiteheaded eagle takes the foremost place among the feathered tribes of America, both because he stands first in natural order, and because he has been selected by the people of the United states as a type of their nation. Their choice was objected to by Benjamin Franklin, because he is a bird of bad moral character, and does not get his living honestly. There was justice in the remark, for the bald eagle is a determined robber, and a perfect tyrant.
2. Snúið á Íslenzku: Animals take into their stomachs another portion of the same water and are continually

returning it into the air from their lungs and insensibly smoking hides. About two pounds a day are thus discharged into the air by a fullgrown man; and larger animals probably give off more in proportion tho their size. Multiply this quantity by the number of animals which occupy the land surface of the globe, and this sum will show that this is also a form of watery circulation which, though less in amount than the others I have mentioned, is yet of much importance.

3. Snúið á ensku: Allir finna og játa, hversu nauðsynlegt gott minni er til að afla sér nokkurrar þekkingar. Varla er önnur gáfa sálarinnar haldin eins ómissandi þeim, er stundar bóknám. Framfarir í þekkingu eru optast eignaðar heppilegu minni, og þeir, sem tregt gengur að læra, kvarta helst um minnisbrest og óska, að það geti verið betra. Það er bersýnilegt, að minnisleysi hindrar framfarir í lærdómi, en enginn er minnislaus. Þó að töluverður munur sé á bezta og lakasta minni, hafa flestir þegið svo mikið af þessari gáfu, að það sýnist nægja, ef vel er með farið.
4. Segið frá því á Ensku, hvern atvinnuveg þér vildið helst, og hvers vegna.
5. Hver eru eignarfornöfnin í Ensku, og hvað er athugavert við notkun þeirra?
6. Beygið sögnina *run* í nútíð, þátíð, núliðinni tíð og ókominni tíð framsöguháttar í öllum persónum og báðum tölum.

VI. Í SÖGU.

1. Hverir voru helstir Sturlungar, og hver urðu afdrif þeirra?

2. Að hverju leyti minnkaði vald klerkanna við siðabótina?
3. Hvað eru fjárlög og fjáraukalög, og að hverju leyti eru þau mismunandi frá öðrum lögum?
4. Gefið yfirlit yfir æfi Júlíusar Caesars.
5. Hvaða áhrif höfðu krossferðirnar á lífið í Európu?
6. Segið frá helztu atburðum í lífi Napóleons frá því, að hann varð keisari, og þangað til hann fór herferðina til Rússlands?.

V. Í LANDAFRÆÐI.

1. Að hverju leyti er loptslag hér á landi frábrugðið loptslagi í nálægum löndum austan og vestan á sama breiddarstigi, og hverjar eru aðalorsakir mismunarins?
2. Hver og hvar eru hin helstu eldfjöll hér á landi og annarsstaðar í Európu?
3. Lýsið stuttlega landslagi í Norður- Ameríku og merkustu stórfjótum, sem falla um álfuna.
4. Skýrið frá, hvar þessar borgir standa og fyrir hvað þær eru einkum merkar: Hamburg, Lyon, Cordova Oxford.
5. Hvað er það einkum, sem gjört hefir Englendinga að mestu verzlunar og iðnaðarþjóð heimsins?
6. Lýsið Eskimóum, og skýrið frá, til hvaða kynflokks þeir teljast.

VI. Í NÁTTÚRUFRÆÐI.

1. Lýsið byggingu heilans.
2. Skýrið frá aðaleinkennum skordýrauna og því, hvaða skordýra tegundir sé oss mönnunum til mestra nota.
3. Með hverjum hætti fram fer vanalega *dupturn* blómanna?

4. Hver er munur á skálp og belg? Nefnið einhverjar íslenzkar plöntur, sem hafa slíka ávexti, og skýrið frá, til hverra ættta þær teljast.
5. Hvern þátt eiga hinir lifandi hlutir í jarðmynduninni?
6. Hvað er bruni? og hver eru skilyrðin fyrir því, að bruni geti átt sér stað?
6. Hver áhrif hefur hitinn á rúmfulla hlutanna? skýrið það með dæmum.

VI. Í STÆRÐAFRÆÐI.

1. skiptið 518 kr. milli A, B og C. þannig, að 4 sinnum það, sem A fær, sé jafnmikið og 5 sinnum það sem B fær, og það jafnmikið og 6 sinnum það, sem C fær.
2. Þrjú menn gengu í verslunarfélag; A lagði til $\frac{2}{5}$ af höfuðstólnum; B $\frac{3}{4}$ af því, sem eptir var, og C það, sem þá var eptir. Við árslok var gróðinn 5156 kr., og var hann 20% af höfuðstólnum. Hve mikill var þá höfuðstóllinn og hve mikið átti hver að fá af gróðanum?
3. Maður keypti á uppboði jörð, sem var 10,8 hundruð að dýrleika og gaf 80 kr. fyrir hvert hundruð auk gjaldheimtulauna, sem voru $4\frac{1}{8}\%$. Síðan selur hann jörðina fyrir 930 kr. Hve mikið græddi hann þá á hverju hundruði (procent)?
4. A getur hlaðið garð á $13\frac{1}{2}$ degi og B á $7\frac{1}{2}$ degi. A vinnur einn í 6 daga að garðhleðslunni, og hættir svo; B vinnur einn í $2\frac{1}{2}$ dag, og hættir svo; síðan lýkur C við garðinn á 2 dögum. Hve lengi væri C að hlaða allan garðinn?
5. Hve stór er hver hlið í rhombus, sem er vallar dag-slátta, þegar annar díagónallinn er 60 faðmar?

6. Maður vildi hlaða kringlótta rétt, sem tæki 300 fjár. Hve langur þurfti garðurinn (réttarveggurinn) að vera, þegar hverri kind er ætluð 1 □ alin?
7. Rúmmál kúlu er 523. 6 t. þ. Hve stór er radius hennar?
8. Lýsið keilu og keilustúf og skýrið frá mælingu hvors um sig?

VIII. Í SÖNGFRÆÐI.

1. Hvað kallast ófullkominn takt, og hvernig stendur á honum?
 2. Hvaða þýðingu hafa G- og F- lyklarnir?
 3. Hver er tónskipun dúr-tónstigans, og hver er reglan fyrir fjölgun hinna krómatisku forteikna á dúr-tónstigum?
 4. Lýsið sönghæfum moll-tónstiga?
 5. Sýnið sönghæfan Cismoll með uppdrætti.
 6. Hvað er það, sem kallast bragliður? skýrið frá, hverir eru hinir helztu bragliðir, hvaða uppruna hin útlendu nöfn þeirra hafa, og hvað þau eiginlega þýða.
- Eptirfylgjandi tafla sýnir einkunnir þær, er lærisveinar fengu í burtfararprófi.

Möðruvöllum í Hörgárdal 14. Maí 1892.

Jón A. Hjaltalín.

Einkunnir við burtfararpróf 1892.

| Nöfn | Íslenska | Danska | Enska | Saga | Landafræði | Náttúrufræði | Stærðfræði | Söngfræði | Aðal-einkunn |
|---------------------------|----------|---------|---------|----------|------------|--------------|------------|-----------|--------------|
| 1. Davíð Sigurðsson | dável + | dável + | dável ÷ | dável + | dável + | ágætl. | ágætl. ÷ | ágætl. | 1. 59 |
| 2. Ingólfur Bjarnarson | dável | dável | vel + | ágætl. ÷ | ágætl. ÷ | ágætl. | ágætl. | dável + | 1. 58 |
| 3. Þorvaldur Davíðsson | dável | dável | vel | dável + | ágætl. | ágætl. ÷ | ágætl. ÷ | dável | 1. 57 |
| 4. Vilhjálmur Ingvarsson | dável ÷ | dável ÷ | vel ÷ | dável + | dável + | ágætl. ÷ | dável | dável + | 1. 53 |
| 5. Jóhann Pálsson | vel + | dável ÷ | dável | vel + | dável | ágætl. ÷ | dável ÷ | dável | 1. 53 |
| 6. Guðmundur Magnússon | vel | vel + | laklega | dável | dável | dável + | ágætl. ÷ | dável | 1. 48 |
| 7. Jóhann Sigurðsson | vel + | vel + | lakl. + | dável | dável | dável + | dável ÷ | dável ÷ | 1. 48 |
| 8. Karl Olgeirsson | vel | dável ÷ | lakl. + | dável ÷ | dável + | dável | vel + | ágætl. | 1. 48 |
| 9. Árni Jónsson | vel ÷ | vel + | lakl. + | dável ÷ | dável | ágætl. ÷ | vel + | dável ÷ | 2. 45 |
| 10. Þorsteinn Jörundsson | vel | dável ÷ | vel ÷ | vel + | ágætl. ÷ | dável | dável ÷ | vel ÷ | 2. 45 |
| 11. Björn Árnason | vel ÷ | vel + | lakl. + | dável | dável | dável + | vel + | vel | 2. 44 |
| 12. Ólafur Björnsson | vel | vel | laklega | vel + | vel + | dável ÷ | dável ÷ | vel + | 2. 41 |
| 13. Sigurður M. Einarsson | lakl. + | vel | laklega | vel + | dável ÷ | dável ÷ | vel + | dável ÷ | 2. 39 |
| 14. Sigurpáll Sigurðsson | vel ÷ | vel | laklega | vel + | dável ÷ | vel + | vel + | dável ÷ | 2. 39 |